

Talning laxfiska í Kattarfossi í Hítará árið 2010

Sigurður Már Einarsson




Forsíðumynd: Veiðihúsið Lundur við Hítará
Höfundur: Björn Theódórsson

Talning laxfiska í Kattarfossi í Hítará árið 2010

Sigurður Már Einarsson

Skýrslan er unnin fyrir Stangaveiðifélag Reykjavíkur

Desember 2010



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðir	1
Niðurstöður og umræður	1
Þakkarorð	2
Heimildaskrá	2
Töflur	3
Myndir	4

Töflur:

Tafla 1. Umferð fiska um fiskteljarann við Kattarfoss sumarið 2010.	3
Tafla 2. Fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann (nettó upp-niður)	3
Tafla 3. Yfirlit yfir göngur laxfiska um fiskteljarann	3

Myndir:

1. mynd. Laxveiði í Hítará árin 1974 til 2010.....	4
2. mynd. Göngur laxfiska um fiskteljarann (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará frá 8. júní til 11. október 2010.....	4
3. mynd. Göngur laxfiska í júlímánuði 2010 (nettó upp-niður) fiskveginum við Kattarfoss.	4
4. mynd. Göngur laxfiska í júlímánuði 2010 (nettó upp-niður) fiskveginum við Kattarfoss.	5
5. mynd. Göngur laxfiska í ágúst mánuði 2010 (nettó upp-niður) fiskveginum við Kattarfoss	5
6. mynd. Göngur laxfiska í september mánuði 2010 (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss.	5
7. mynd. Göngur laxfiska frá 1 – 11 október 2010 (nettó upp-niður) í teljaranum við Kattarfoss í Hítará	6
8. mynd. Lengdardreifing laxfiska í Hítará í skráningum í fiskteljara 2010 (allir fiskar sem gengu upp eða niður fyrir teljarann).	6
9. mynd. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins samkvæmt skráningum í fiskteljara (nettó upp-niður) við Kattarfoss í Hítará árið 2010	6

Útdráttur

Fiskteljari var starfræktur við Kattarfoss í Hítará frá 3. júní til 11. október 2010. Alls gengu 353 laxar og 4 silungar upp fyrir fiskteljarann og var gangan sú mesta frá upphafi talninga árið 2007. Laxagangan var mest framan af sumri en þá dró úr henni, sennilega vegna mikilla þurrka. Góðar göngur komu síðan í lok september og byrjun október þegar vatn jókst í ánni. Hlutfall tveggja ára laxa af göngunni upp fyrir foss árið 2010 var um 23% og nokkrir mjög stórir laxar gengu upp fyrir teljarann, sá stærsti 106 cm.

Lykilorð: fiskteljari, Hítará, lax, silungur, göngutími,

Inngangur

Hítará á Mýrum er frjósöm laxveiðiá og hefur laxveiði farið vaxandi í ánni hin síðustu ár (1. mynd). Veiðinýtingunni er skipt í tvö svæði, Hítará I sem er aðalsvæði árinna frá ós að Kattarfossi, en þar er veitt með 4 – 6 stöngum, og Hítará II, sem er svæðið frá Kattarfossi að Hítarvatni, ásamt hliðaránum Grjótá og Tálma. Fiskteljari hefur verið starfræktur í fiskveginum við Kattarfoss frá árinu 2007. Kattarfoss er í um 15 km fjarlægð frá sjó, en ofan hans er 14 km langt svæði sem nær inn að Hítarvatni. Fiskvegur var byggður við fossinn 1971 (Hafðís Hauksdóttir 1999), en Kattarfoss var áður ófiskgengur fyrir göngufiska. Veiðimálastofnun hefur umsjón með fiskteljaranum og í skýrslunni verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum ársins 2010.

Aðferðir

Árvaka fiskteljara var komið fyrir í hornhólfi fiskvegarins við Kattarfoss í Hítará þann 3. júní 2010 og var teljarinn starfræktur til 11. október er teljarinn var tekinn upp. Lokað var fyrir fiskveginn er teljarinn var settur niður, en vatni var hleypt á þann 8. júní. Teljarabúnaðurinn er samsettur af skynjara í ánni, stjórnstöð, rafgeymi og sólarrafhlöðu. Í hugbúnaði teljarans eru skráðar í minni upplýsingar um göngutíma einstakra fiska og tvær skuggamyndir af hverjum þeirra. Stærð fiska er ganga um teljarann er áætluð út frá hæð (þykkt) þeirra. Allgóð tengsl eru á milli hæðar og lengdar fisksins og er hæð fisksins því umreiknanleg í lengd hans. Stuðullinn 6,0 (hæðar/lengdarstuðull) var notaður til að umreikna lengd fiska út frá teljaraskráningum. Við úrvinnslu gagna var miðað við að fiskur innan við 45 cm væri silungur, smálax (1 ár í sjó) væri frá 45 til 73 cm að lengd og stórlaxinn (2 ár í sjó) 73 cm eða stærri. Einnig skráir teljarinn vatnshitann á 3 klst. fresti.

Niðurstöður og umræður

Fjöldi fiska sem gekk upp eða niður fyrir teljararammann var alls 771, en nettófjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann var alls 357, þar af 353 laxar og 4 silungar (tafla 1). Fyrsti laxinn gekk um teljarann þann 12. júní (2. og 3. mynd), en síðasti laxinn 11. október, sama dag og teljarinn ver tekinni upp (7 mynd). Laxagöngur hófust fyrir alvöru síðustu vikuna í júní (3. mynd) og góð ganga var fram eftir júlí, en þá var gangan 152 laxar (tafla 2, 4. mynd). Fram undir 20. ágúst gekk reytingur af fiski en þá tók algjörlega fyrir gönguna, en vatn var þá orðið afar lítið í ánni. Í september var nokkur ganga fyrri hluta mánaðarins, en þá hættu göngur alveg þar til 26 september,

en þá byrjaði lax að ganga af krafti. Á tímabilinu 26. september til 11. október gekk 71 lax upp fyrir teljarann (6. og 7. mynd). Slíkt göngumynstur er afar óvenjulegt en líklegt er að þurrkarnir sumarið 2010 sem ríktu fram í lok september hafi átt þátt í þessari hegðun, en einnig voru hlýindi mikil fram eftir haustinu.

Mikið bar á laxi sem dvalið hafði tvö ár í sjó en 84 tveggja ára laxar gengu upp fyrir teljarann eða 23% af göngunni (tafla 1, tafla 2). Af þessum fjölda voru 16 laxar, stærri en 91 cm og stærsti laxinn var 106 cm að lengd (8. mynd), en lax af þessari þyngd vegur um 12 kg. Laxinn gekk upp fyrir teljarinn 27. júní, en á þeim tíma gengu nokkrir mjög stórir laxar upp fyrir Kattarfoss (3. mynd).

Göngutími laxfiska var einkum síðari hluta dagsins, eða frá kl. 15 til 22 að kvöldi (8. mynd). Gangan upp fyrir teljarann sumarið 2010 var sú mesta frá því að skráningar hófust árið 2007 (tafla 3). Árið 2010 veiddust alls 811 laxar í Hítará allri (1. mynd) og er þessi veiði sú þriðja mesta frá upphafi. Af þessum fjölda veiddust 266 í Hítará II. Því miður var veiðin eftir veiðistöðum í Hítará II ekki sundurliðuð með númerum, þannig að ekki er vitað hver veiðin var í Hítará ofan við Kattarfoss, en árið 2009 var hlutfall veiddra laxa af göngunni á þessu svæði 33,6% (Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2009).

Þakkarorð

Ástu Kristínu Guðmundsdóttur eru færðar bestu þakkir vegna yfirlesturs á handriti að skýrslunni og færði hún margt til betri vegar.

Heimildaskrá

Hafdís Hauksdóttir 1999. Fiskvegir á Íslandi. Fjöldi þeirra virkni og opnun á búsvæðum laxa. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. B.S. ritgerð. 33 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2009. Talning laxfiska í Hítará á Mýrum 2009. Veiðimálastofnun. VMST/0947. 6 bls.

Töflur

Tafla 1. Umferð fiska um fiskteljarann við Kattarfoss sumarið 2010. Teljarinn var starfræktur frá 8. júní til 11. október 2010.

Fisktegund	Fjöldi fiska		
	Upp	Niður	Upp-niður
Silungur	4	0	4
Lax 1 ár í sjó	444	175	269
Lax 2 ár í sjó	116	32	84
Lax Samtals	560	207	353


Tafla 2. Fjöldi fiska sem gekk upp fyrir teljarann (nettó upp-niður) við Kattarfoss í hverjum mánuði árið 2010.

Mánuðir	Fjöldi silunga	Fjöldi laxa		
		1 árs	2 ára	Samt.
Júní	1	16	29	45
Júlí	2	124	28	152
Ágúst	0	60	10	70
September	0	37	15	52
Oktober	1	32	2	34
	4	269	84	353


Tafla 3. Yfirlit yfir göngur laxfiska um fiskteljarann í Kattarfossi árin 2007 til 2010.

Ár	Silungar	Lax		
		1 ár í sjó	2 ár í sjó	Samtals
2007	-1	183	73	256
2008	-1	151	67	218
2009	19	250	33	283
2010	5	269	84	353


Myndir




1. mynd. Laxveiði í Hítará árin 1974 til 2010.




2. mynd. Göngur laxfiska um fiskteljarann (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss í Hítará frá 8. júní til 11. október 2010.




3. mynd. Göngur laxfiska í júlímánuði 2010 (nettó upp-niður) fiskveginum við Kattarfoss.




4. mynd. Göngur laxfiska í júlímánuði 2010 (nettó upp-niður) fiskveginum við Kattarfoss.




5. mynd. Göngur laxfiska í ágúst mánuði 2010 (nettó upp-niður) fiskveginum við Kattarfoss




6. mynd. Göngur laxfiska í september mánuði 2010 (nettó upp-niður) í fiskveginum við Kattarfoss.




7. mynd. Göngur laxfiska frá 1 – 11 október 2010 (nettó upp-niður) í teljaranum við Kattarfoss í Hítará



8. mynd. Lengdardreifing laxfiska í Hítará í skráningum í fiskteljara 2010 (allir fiskar sem gengu upp eða niður fyrir teljarann).



9. mynd. Göngutími laxfiska innan sólarhringsins samkvæmt skráningum í fiskteljara (nettó upp-niður) við Kattarfoss í Hítará árið 2010



Veiðimálastofnun

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími 580-6300 Símbref 580-6301

www.veidimal.is veidimalastofnun@veidimal.is



Ásgarður, Hvanneyri
311 Borgarnes



Brekkugata 2
530 Hvammstangi



Sæmundargata 1
550 Sauðárkrúkur



Austurvegur 3-5
800 Selfoss